# AUGLÝSING

**um breytingar á vátryggingarfjárhæðum lögmæltra ökutækjatrygginga.**

1. gr.

Samkvæmt ákvæði 5. mgr. 91. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, með síðari breytingum, er ákveðið að vátryggingarfjárhæðir ábyrgðartryggingar ökutækis skv. 4. mgr. 91. gr. sömu laga verði 3.493 millj. kr. vegna líkamstjóns eða missis framfæranda og 441 millj. kr. vegna tjóns á munum.

2. gr.

Samkvæmt ákvæði 4. mgr. 92. gr. umferðarlaga, sbr. ákvæði 5. mgr. 91. gr. sömu laga, er ákveðið að vátryggingarfjárhæð slysatryggingar ökumanns og vátryggingartaka skv. 1.-3. mgr. 92. gr. verði 262 millj. kr.

3. gr.

Hámark eigin áhættu vátryggingartaka skv. 2. málsl. 3. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 424/2008, um lögmæltar ökutækjatryggingar, er 436.000 kr. fyrir einstakling og 2.180.000 kr. fyrir rekstraraðila. Hámark eigin áhættu skv. 3. málsl. 3. mgr. 4. gr. er 109.000 kr.

4. gr.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um breytingu á vátryggingarfjárhæðum lögmæltra ökutækjatrygginga, nr. 275/2016.

*Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 9. febrúar 2017.*

F. h. r.
**Guðrún Þorleifsdóttir.**

*Sóley Ragnarsdóttir.*